

Bókun borgarstjóra á aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 2010

Í starfi Orkuveitu Reykjavíkur leggur nýr meirihluti borgarstjórnar megináherslu á þrennt:

1. Auðlindir verði nýttar með þeim hætti að ekki sé gengið á framtíðarmöguleika til nýtingar þeirra.
2. Allar ákvarðanir um nýtingu auðlinda og nýtingin sjálf einkennist af ást og virðingu fyrir umhverfinu.
3. Borgarbúar njóti öruggrar þjónustu frá traustum aðilum og geti gengið að upplýsingum um störf og stöðu orkufyrirtækja í eigu borgarinnar.

Orkuveita Reykjavíkur er snilldarfyrirtæki sem sér borgarbúum fyrir rafmagni, yl, vatni, frárennsli og gagnaveitu. Líklega er engin höfuðborg í heiminum jafn vel sett hvað varðar þessa mikilvægu grunnþjónustu sem er bæði hagkvæm, umhverfisvæn og örugg. Borgaryfirvöld vilja tryggja að Reykvíkingar og aðrir viðskiptavinir Orkuveitunnar njóti þess um ókomna tíð að eiga aðgang að öruggri orku, vatni, gagnaveitu og frárennsli. Sammæli eru um að þessu markmiði sé best náð með því að OR sé áfram í eigu almennings. Hlutverk OR er fyrst og fremst að sinna þörfum íbúa fyrir orku, vatn, frárennsli og gagnaveitu. Þátttaka í áhættusömum framkvæmdum kann að vera spennandi en á ekki að vera þáttur í reglulegri starfsemi OR. Kjarnastarfsemi er almannaðjónusta. Almannahagsmunir koma fyrst. Lykilatriði í starfi stjórnar er að leita allra leiða til að styrkja rekstur Orkuveitunnar, að halda Orkuveitunni í eigu almennings og tryggja grunnþjónustu á sanngjörnu verði. Vaganesti borgaryfirvalda til nýrrar stjórnar Orkuveitunnar er að snúa sér þegar í stað að eftirfarandi verkþáttum:

- Skilgreina skal úttekt á rekstrinum með það að markmiði að skýra stöðu mála og draga fram þær áskoranir og þá möguleika sem eru í stöðunni. Meta þarf ýmsa þætti í skipulagi og rekstri starfseminnar þegar í stað, með það fyrir augum að komast hjá frekari vanda. Í úttektinni verður að taka á skipulagi, rekstri og stöðu framkvæmda þannig að ljóst sé við hvaða búi er tekið.

- Fjármögnun verður sérstakur þáttur í starfi stjórnar. Bráðavanda Orkuveitunnar má ekki vanmeta. Mikilvægt er að ná utan um þau mál hratt og örugglega. Ná verður ásætlanlegu jafnvægi milli tekna og gjalda sem allra fyrst.

- Úttekt er eitt, framkvæmd stefnu er annað. Hlutverk stjórnar er að innleiða stefnu borgarstjórnar og áherslur hinnar nýju orku- og auðlindanefndar í starfsemi Orkuveitunnar. Sveigja á af stóriðjustefnu, til aukinnar fjölbreytni í orkusölu og að sjálfbærri almannaðjónustu.

- Brýnar breytingar kalla á skýra forystu stjórnar Orkuveitunnar. Stjórnarformaður mun fyrst um sinn sinna því verkefni í fullu starfi til að meta stöðuna með stjórn fyrirtækisins og vinna að nauðsynlegum breytingum.

Orkuveitan er frábært fyrirtæki og við erum vel sett að eiga umhverfisvæna orku og gott vatn. Ný stjórn fyrirtækisins er skipuð fólki með faglega þekkingu og reynslu. Starfsfólk Orkuveitunnar býr yfir gríðarlegri þekkingu, reynslu og metnaði. Við byggjum þess vegna á traustum grunni og hlökkum til að geta gert allskonar í framtíðinni þegar rekstur Orkuveitunnar er kominn á beinu brautina.